

Fundarnúmer:	540
Dagsetning:	05.05.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

540. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 5. maí 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Drög að samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjöld vatnsveitu og fráveitu og byggingarleyfis- og þjónustugjalda Tæknideildar Húnaþings vestra.
3. Beiðnir félaga um niðurfellingu fasteignaskatts. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.
4. Starfsendurhæfing í Húnavatnssýslum.
5. Erindi Þorgríms Guðna Björnssonar.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um viðhald og endurnýjun Hvammstangabrautar og Norðurbrautar en ekkert tilboð barst í verkið sem Vegagerðin bauð út í síðasta mánuði. Einnig farið yfir ýmiss málefni sem varða viðhaldsverkefni vatnsveitu og hitaveitu, viðgerð á heitum potti við Íþróttamiðstöð, endurnýjun á flotbryggjum í smábátahöfn o.fl. Rætt um gjaldtöku á hafnarsvæði. Sveitarstjóra falið að taka saman upplýsingar um gjaldtöku á hafnarsvæði. Undir þessum dagskrárlið mætti Ína Björk Ársælsdóttir, umhverfisstjóri til fundar með byggðarráði. Rætt um framkvæmd sorphirðu. Umhverfisstjóra falið að ræða við sorphirðuverktaka um tiltekin atriði varðandi sorphjónustu.
2. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri mætti til fundarins. Lagði hún fram til umræðu og afgreiðslu drög að samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjöld vatnsveitu og fráveitu og byggingarleyfis- og þjónustugjalda Tæknideildar Húnaþings vestra. Samþykkt að vísa drögum samþykktarinnar til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
3. Fram lagðar beiðnir félaga um niðurfellingu fasteignaskatts. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri kynnti innsendar beiðnir. Samþykkt að veita eftirtöldum styrki til greiðslu fasteignaskatts skv. reglum sveitarfélagsins þar um: Sóknarnefnd Melstaðarsóknar v/ safnaðarheimilis, Björgunarsveitin Húnar v/ Höfðabrautar 30 og Reykjaborgar, Kvenfélagið Freyja v/ kaffiskúrs við Víðidalstungurétt, Hestamannafélagið Þytur v/ dómara- og aðstöðuhúss í Kirkjuhvammi, Kvenfélagið Ársól v/ kaffiskúrs við Þverárrétt og Sóknarnefnd Hvammstangakirkju v/ safnaðarheimilis.
4. Lögð fram gögn frá SSNV- atvinnuþróun þar sem gerð er grein fyrir umsókn til viðeigandi ráðuneyta um starfrækslu starfsendurhæfingar í Húnavatnssýslum. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra eigi aðild að umsókninni.
5. Fram lagt erindi Þorgríms Guðna Björnssonar þar sem hann óskar eftir styrk frá Húnaþingi vestra vegna þátttöku hans með landsliði Íslands á Norðurlandamótinu í körfuknattleik. Byggðarráð samþykkir að veita Þorgrími 65 þús. kr. styrk.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:15
 Heimir Ágústsson(sign.), Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
 Elín R. Línadal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).

